

# Lög Lýðheilsufélags læknanema

## Almenn ákvæði/Nafn og hlutverk

1. gr
  - 1.1. Félagið heitir Lýðheilsufélag læknanema
  - 1.2. Kennitala félagsins er 691010-0900
  - 1.3. Lögheimili þess og varnarþing er í Reykjavík
  
2. gr
  - 2.1. Félagsmenn Lýðheilsufélags læknanema eru allir læknanemar við Háskóla Íslands
  
3. gr
  - 3.1. Lýðheilsufélag læknanema er sjálfstætt samstarfsfélag Félags Læknanema (FL) með eigin fjárhag
  - 3.2. Félagið skal stefna að því að efla samstarf við önnur samstarfsfélög FL
  - 3.3. Hlutverk Lýðheilsufélags læknanema er að efla áhuga og þekkingu á lýðheilsu og tengdum málefnum.
  - 3.4. Lýðheilsufélagið hefur umsjón með verkefnum Sjálfseks, sem hefur það hlutverk að efla geðheilsu læknanema.

## Stjórn

4. Gr
  - 4.1. Stjórn Lýðheilsufélagsins sér um rekstur félagsins.
  - 4.2. Stjórn skal skipuð níu til tólf meðlimum; Tveimur af fyrsta, öðru og þriðja námsári, hverju fyrir sig og allt að tveimur af fjórða, fimmta og sjötta námsári hverju fyrir sig.
  - 4.3. Skipað skal í embætti á stjórnarfundi til eins árs í senn.
  - 4.4. Stjórn skal skipuð
    - 4.4.1. Forseta
    - 4.4.2. Umsjónaraðila alþjóðarsamstarfs
    - 4.4.3. Ritara

- 4.4.4. Gjaldkera, sem gegnir einnig hlutverki varaforseta
- 4.4.5. Verkefnastjóri Sjálfseks
- 4.4.6. Meðstjórnendum
- 4.5. Stjórnarmeðlimur skal ekki gegna bæði forseta-og gjaldkeraembætti samtímis.

5. gr

- 5.1. Forseti Lýðheilsufélgsins ber ábyrgð á störfum félagsins. Hann boðar stjórnarfundum og stýrir þeim.
  - 5.1.1. Forseti skal sjá til þess að leiðbeiningar um starfsemina og fundargerðir seinustu ára gangi áfram til eftirmanns síns.
- 5.2. Varaforseti gegnir hlutverki forseta, skuli forseti forfallast.
- 5.3. Ritari Lýðheilsufélgsins ritar fundargerðir og annast skjalasafn félagsins.
- 5.4. Gjaldkeri sér um fjármál félagsins. Hann heldur dagbók um tekjur og gjöld félagsins. Hann sér um fjáröflun fyrir félagið.
  - 5.4.1. Gjaldkeri hefur heimild til að skipa sérstakan starfshóp samsettan stjórnarmeðlimum félagsins til að annast fjáröflun.
- 5.5. Meðstjórnendur skulu vera tengiliðir stjórnar við sín námsár.

Aðalfundur

6. gr.

- 6.1. Aðalfundur skal haldinn við lok hvers starfsárs.
- 6.2. Boða skal til aðalfundar og auglýsa hann á facebookhóp læknanema á Íslandi með a.m.k. viku fyrirvara. Aðalfundur telst löglegur ef löglega er til hans boðað.
- 6.3. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa allir félagsmenn.
- 6.4. Dagskrá aðalfundar:
  - 6.4.1. Fundur settur.
  - 6.4.2. Forseti rekur helstu þætti í starfi félagsins.
  - 6.4.3. Gjaldkeri kynnir ársreikning.
  - 6.4.4. Ritari kynnir lagabreytingartillögur og þær afgreiddar.
  - 6.4.5. Kunngjörð úrslit kosninga til stjórnarsetu af hverju ári, að undanskildum fulltrúum 1. árs.
  - 6.4.6. Önnur mál.
  - 6.4.7. Fundi slitið.

## Lagabreytingar

7. gr.
  - 7.1. Lögum félagsins getur verið breytt á aðalfundi og ræður aukinn meirihluti (2/3) atkvæða fundargesta.
  - 7.2. Í fundarboði aðalfundar skal auglýst eftir lagabreytingartillögum. Skriflegar lagabreytingartillögur skulu berast ritara í það minnsta sólarhring fyrir aðalfund. Heimilt er að leggja fram munnlegar breytingartillögur á skriflegar breytingartillögur á aðalfundi.
  - 7.3. Stjórn er heimilt að leiðrétta augljósar stafsetningarvillur eða misritanir í lögum þessum utan aðalfundar. Breytingarnar skulu þó bornar undir næsta aðalfund til staðfestingar.

## Ýmis ákvæði

8. gr.
  - 8.1. Fastir liðir í starfsemi Lýðheilsufélagsins eru eftirfarandi:
    - 8.1.1. Bangsaspítalinn.
    - 8.1.2. Fræðslukvöld.
    - 8.1.3. Samstarf við sambærileg félög í öðrum löndum.
    - 8.1.4. Ávöxtun á fjármunum félagsins
    - 8.1.5. Ársskýrsla stjórnar

9. gr.
  - 9.1. Að lágmarki skulu 100.000 krónur ganga á milli ára

10. gr.
  - 10.1. Tillögu um slit á Lýðheilsufélagi læknanema skal að minnsta kosti verið samþykkt af 2/3 hluta stjórnar. Stjórninni er skylt að halda félagsfund um slit á félaginu innan hálfmánaðar og skal boðið til hans á sama hátt og segir til um aðalfund. Til að samþykkja tillögu um slit á félaginu þarf 2/3 greiddra atkvæða fundarmanna. Á þeim fundi skal þá jafnframt tekin ákvörðun um hvernig farið skuli með eignir og skuldir félagsins.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lagabreytingar á aðalfundi öðlast gildi þegar í stað, nema annað sé tekið fram.